



Börnin

okkar

# Aðgerðir

FYRIR

börn og ungmenni



Mosfellsbær



# Efnisyfirlit

---

1. Staðan
2. Bókun bæjarstjórnar
3. Samtal við hagaðila
4. Aðgerðir fyrir börn og ungmenni



# 1. Staðan



# Staða fjölgunar barnaverndarmála

## ÞRÓUN BARNAVERNDARTILKYNNINGA Í FJÖLDA

- Tilkynningar 2010–2023
- Tilkynningar jan–okt 2024
- Börn sem tilkynnt er um




# 48,4%

Aukning tilkynninga til barnaverndar fyrstu 10 mánuði ársins 2024 samanborið við árið 2023




# Tegundir tilkynninga

## SKIPTING TEGUNDA TILKYNNINGA



## ÞRÓUN TILKYNNINGA UM ÁHÆTTUHEGÐUN Í FJÖLDA



## 2. Bókun bæjarstjórnar



„Bæjarstjórn Mosfellsbæjar tekur undir bókun velferðarnefndar og lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu fjölgunar barnaverndarmála og leggur ríka áherslu á að farið verði í markvissar aðgerðir í þágu forvarna í samstarfi þeirra aðila sem koma að uppeldi og velferð barna. Tillögur þess efnis liggi fyrir við framlagningu fjárhagsáætlunar.“



# 3. Samtal við hagaðila



# Samtal við starfsfólk, forráðamenn og ungmenni

1. Tvær vinnustofur með sérfræðingum í þjónustu við börn og fjölskyldur
2. Fundur með forráðamönnum elsta stigs
3. Fundur með Ungmennaráði
4. Fundur með forráðamönnum miðstigs
5. Samtal við SamMos




# Afurðir af vinnustofum




# Hvað segja forráðamenn barna á elsta stigi?

HVAÐ GETUM VIÐ SEM FORELDRAR GERT TIL AÐ STYÐJA VIÐ VELLÍÐAN OG ÖRYGGI BARNANNA OKKAR?



# Hvað segja forráðamenn barna á elsta stigi?

HVERNIG GETUR MOSFELLSBÆR STUTT VIÐ FORELDRA?



# Hvað segir Ungmennaráðið?

HVAÐ GETA FORELDRAR GERT TIL AÐ STYÐJA BETUR VIÐ VELLÍÐAN OG ÖRYGGI BARNANNA OKKAR?



HVERNIG GETUR MOSFELLSBÆR STUTT BETUR VIÐ UNGMENNI OG FORELDRA?



# Hvað segja forráðamenn barna á miðstigi?

HVAÐ GETA FORELDRAR GERT TIL AÐ STYÐJA BETUR VIÐ VELLÍÐAN OG ÖRYGGI BARNANNA OKKAR?

HVERNIG GETUR MOSFELLSBÆR STUTT BETUR VIÐ UNGMENNÍ OG FORELDRA?



# 4. Aðgerðir fyrir börn og ungmenni



# Þrír þættir aðgerða

AUKA 100 M.KR FJÁRFRAMLAG Í AÐGERÐIR FYRIR BÖRN OG UNGMENNI Á ÁRINU 2025\*

- Almennar forvarnir
- Snemmtækur stuðningur
- Styrking Barnaverndar



\*Utan verðlagsþróunar



# Almennar forvarnir 25 milljónir kr.

Aðgerðir

13.

# Aðgerðir: Almennar forvarnir 25 m.kr.





## Hækkun frístundastyrks

Frístundaávisun verði hækkuð úr 57 þúsund í 65 þúsund á barn frá og með hausti 2025.

## Lýðheilsuverkefni fyrir unglunga

Lengri opnunartími í íþróttahúsinu að Varmá og í Lágafellslaug auk fræðslu.




## Námskeiðahald fyrir foreldra

Efla almenna fræðslu fyrir alla foreldra og bjóða jafnframt upp á sértæk námskeið fyrir ákveðna hópa t.d. PMTO.

## Samskiptasáttmáli – öflugra samstarf heimilis og skóla

Gerð samskiptasáttmála í grunnskólum Mosfellsbæjar með aðkomu alls skólasamfélagsins. Markmiðið er að efla samskipti nemenda, heimila og skóla með vellíðan barna og unglunga að leiðarljósi.



# Aðgerðir: Almennar forvarnir 25 m.kr. frh.

5.


## Fræðsla og þjálfun fyrir starfsfólk

Námskeið fyrir starfsfólk í skólum, frístund, félagsmiðstöðvum og velferðarþjónustu.

## Aðstaða fyrir rafíþróttir

Komið verði upp aðstöðu þar sem hægt verður að stunda rafíþróttir undir umsjón leiðbeinanda.

6.



7.

## Efling foreldrasamstarfs

Markviss stuðningur og samstarf við SamMos, stjórnir foreldrafélaga grunnskóla og foreldraráð leikskóla.

## Símanotkun í skólum

Unnið að reglum varðandi símanotkun í grunnskólum í samstarfi við stjórnendur, starfsfólk og nemendur.

8.



# Aðgerðir: Almennar forvarnir 25 m.kr. frh.





## Reglubundnar mælingar

Markviss nýting á niðurstöðum úr Skólapúlsinum, Íslensku æskulýðsrannsókninni (ÍÆ) og öðrum mælingum. Þjónustukannanir meðal notenda í barnþjónustu.

## Barnvænt sveitarfélag

Fagleg ábyrgð á verkefninu Barnvænt sveitarfélag færist í farsældarteymi með það fyrir augum að tengja betur vinnu við innleiðingu farsældarlaga og Barnvænt sveitarfélag.




## Lærdómssamfélag um félagsfærni barna og unglunga

Settur verði á fót hópur fagfólks sem hefur það að markmiði að skoða og miðla leiðum sem reynst hafa vel til að efla félagsfærni barna og unglunga.

## Heilsueflandi leik- og grunnskóli

Í takt við Lýðheilsustefnu Mosfellsbæjar verði farið í markvissa innleiðingu á heilsueflandi skólastarfi út frá nálgun embættis landlæknis.



## Stjórnendateymi grunnskóla

Breyting verði gerð á uppbyggingu stjórnendateyma innan núverandi stöðugilda þannig að aðstoðarskólastjóri verði í hverjum skóla. Markmiðið er að styrkja m.a. samstarf heimila og skóla.

# Snemmtækur stuðningur 42 milljónir kr.

Aðgerðir

10.

# Aðgerðir: Snemmtækur stuðningur 42 m.kr.



14.

## Aukin ráðgjöf sálfræðinga

Sálfræðipjónusta verði eflid til að sinna vikulegum viðverutíma í grunnskólum með unglíngastig, símaráðgjöf til foreldra auk ráðgjafar til starfsfólks í skólum.



15.

## Farsæld barna – málstjóri

Ráðinn verði inn sérhæfður málstjóri til að vinna að samþættingarmálum í farsældarteymi Mosfellsbæjar.



16.

## Styrking á starfsemi Bólsins

Starf fyrir 10-12 ára börn verði eflt og starfsfólki á vöktum í Bólinu fjölgað. Haldið áfram að efla forvarnar- og leitarstarf á kvöldin og um helgar í samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.



17.

## Aukið framboð íþróttar fyrir öll börn

Styrkur til íþróttafélaga til að auka framboð íþróttar fyrir börn með sértækar þarfir og fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

# Aðgerðir: Snemmtækur stuðningur 42 m.kr. frh.

18.

## Samstarf við Bergið

Samstarf við Bergið um opna og gjaldfrjálsa viðtalstíma í Mosfellsbæ.

## Símatímar fyrir foreldra

Opnir símatímar félagsráðgjafa og sálfræðinga fyrir foreldra.

19.

20.

## Skólaforðunarteymi

Teymi verði sett á laggirnar til að endurskoða skólasóknarreglur og aðstoða nemendur, foreldra og starfsfólk skóla vegna skólaforðunar.


21.

## Þátttaka í farsældarráði

Virk þátttaka í farsældarráði á höfuðborgarsvæðinu og öflugri stuðningur við tengiliði farsældar innan leik- og grunnskóla.

# Aðgerðir: Snemmtækur stuðningur 42 m.kr. frh.

---



22.

## Stafræn umbreyting

Innleiðing á upplýsingatæknikerfi fyrir Farsæld barna og innleiðing á OneCRM málakerfið í skólum.

## MEMM (menntun, menning og móttaka)

Starfsfólk nýti og tileinki sér vinnulag MEMM er snýr að samræmdri móttöku, þjónustu og stuðningi við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Verkefnið er á vegum Miðstöðvar menntunar og skólþjónustu.



23.

# Styrking Barnaverndar 33 milljónir kr.

Aðgerðir

4.

# Aðgerðir: Styrking Barnaverndar 33 m.kr.




## Stuðningsúrræði eflid

Stuðningsúrræði á vegum Mosfellsbæjar verði eflid, s.s. stuðningur á heimili og uppeldisráðgjöf. Ráðinn verði verkefnisstjóri sem annast þróun og utanumhald úrræða.

## Unglingaráðgjafi

Ráðinn verði inn sérstakur ráðgjafi til Barnaverndar til að sinna málum unglunga og fjölskyldna þeirra.



## Hegðunarteymi

Teymi sett á laggirnar sem aðstoðar nemendur og veitir hegðunarráðgjöf til foreldra og starfsfólks skóla.



## Samstarf Barnaverndar og skóla

Samstarf starfsfólks Barnaverndar og skóla verði eftt með reglulegum samráðs- og upplýsingafundum.



**Mosfellsbær**



Börnin

okkar